

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1172/98

2003/EES/6/32

frá 25. maí 1998

## um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum(\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af drögum að reglugerð sem framkvæmdastjórnin lagði fram <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að framkvæmdastjórnin geti leyst af hendi þau verkefni sem henni eru falin á sviði sameiginlegrar stefnu í flutningamálum verður hún að hafa aðgang að samanburðarhæfum, traustum, samræmdum, reglubundnum og tæmandi hagskýrslugögnum um umfang og þróun vöruflutninga á vegum með ökutækjum sem skráð eru innan bandalagsins og um það hversu mikið ökutæki, sem annast þessa flutninga, eru notuð.
- 2) Í tilskipun ráðsins 78/546/EBE frá 12. júní 1978 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum sem hluta af svæðaskýrslum <sup>(4)</sup> er ekki kveðið á um hagskýrslur um þær tegundir flutninga sem ekki voru leyfðar þegar þessi tilskipun var samþykkt. Í hagskýrslunum, sem kveðið er á um, eru veittar mismunandi upplýsingar eftir því hvort um er að ræða innanlands- eða millilandaflutninga. Ekki eru veittar neinar upplýsingar um hversu mikið ökutæki, sem annast þessa flutninga, eru notuð.
- 3) Nauðsynlegt er að taka saman tæmandi svæðaskýrslur, bæði um vöruflutninga og ferðir ökutækja.
- 4) Rétt er að breyta kerfinu, sem komið var á með tilskipun 78/546/EBE, til að tryggja að svæði brottfarar- og ákvörðunarstaðar sé skráð í flutningum innan bandalagsins á sama hátt og í innanlandsflutningum og til að skýra tengslin milli vöruflutninga og ferða ökutækja með því að mæla hversu mikið ökutæki, sem annast þessa flutninga, eru notuð.
- 5) Samkvæmt dreifræðisreglunni er einungis unnt að semja sameiginlega hagskýrslustaðla, sem gera kleift að afla samhæfðra upplýsinga, á vettvangi bandalagsins en aðilar og stofnanir sem annast samantekt opinberra hagtalna munu hafa yfirumsjón með söfnun gagna í hverju aðildarríki um sig.
- 6) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins <sup>(5)</sup> kveður á um viðmiðunarramma fyrir ákvæði þessarar reglugerðar, einkum þau sem taka til aðgangs að stjórnsýslugögnum, kostnaðarhagkvæmni við notkun fyrirbyggjandi gagna og trúnaðarkvaða í hagskýrslum.
- 7) Sending einstakra gagna, sem áður voru aftengd persónuauðkennum, er nauðsynleg til að meta heildar-nákvæmni niðurstaðna.
- 8) Nauðsynlegt er að tryggja tilhlýðilega dreifingu tölfræðilegra upplýsinga.
- 9) Til að byrja með þarf bandalagið að veita aðildarríkjunum fjárframlag til að framkvæma nauðsynlega vinnu.
- 10) Rétt er að kveða á um einfaldaða málsmeðferð við framkvæmd þessarar reglugerðar og til að aðlaga hana efnahagslegum og tæknilegum breytingum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 163, 6.6.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 64/2002 frá 31. maí 2002 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 20.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 341, 11.11.1997, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 104, 6. 4. 1998.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 95, 30. 3. 1998, bls. 33.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 168, 26. 6. 1978, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 52, 22. 2. 1997, bls. 1.

11) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina, sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE <sup>(1)</sup> í samræmi við 3. gr. þeirrar ákvörðunar. Hún hefur lýst því yfir að hún sé hlynnt þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Efni og gildissvið

1. Sérhvert aðildarríki skal taka saman hagskýrslur bandalagsins um vöruflutninga á vegum með vélknúnum ökutækjum til vöruflutninga á vegum sem eru skráð í því aðildarríki og um ferðir slíkra ökutækja.

2. Þessi reglugerð gildi ekki um vöruflutninga á vegum með:

- a) vélknúnum ökutækjum til vöruflutninga á vegum sem eru þyngri eða stærri en almennt er leyfilegt í viðkomandi aðildarríkjum;
- b) landbúnaðar- og hernaðarökutækjum og ökutækjum sem eru notuð af opinberum stjórnvöldum eða í opinberri þjónustu, að frátöldum vélknúnum ökutækjum til vöruflutninga á vegum í eigu opinberra fyrirtækja, einkum járnbrautarfyrirtækja.

Aðildarríki getur ákveðið að láta þessa reglugerð ekki ná til vélknúinna ökutækja til vöruflutninga á vegum sem eru með hleðslugetu eða leyfilegan heildarþunga undir tilteknum mörkum. Þessi mörk mega ekki vera hærri en 3,5 tonn í hleðslugetu eða sex tonn í leyfilegan heildarþunga þegar um er að ræða ökutæki með einum hreyfli.

2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „vöruflutningar á vegum“: allir vöruflutningar með vélknúnum ökutækjum til vöruflutninga á vegum;
- „vélknúð ökutæki til flutninga á vegum“: ökutæki, búið hreyfli sem knýr það áfram, yfirleitt notað til farþega- eða vöruflutninga á vegum eða til að draga ökutæki til farþega- eða vöruflutninga á vegum;
- „ökutæki til vöruflutninga á vegum“: ökutæki sem ætlað er eingöngu eða aðallega til vöruflutninga (vöruflutningabifreið, eftirvagn, festivagn);

— „vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum“: sérhvert stakt, vélknúð ökutæki til flutninga á vegum (vöruflutningabifreið) eða samtengd ökutæki, svo sem vagnalest (vöruflutningabifreið með eftirvagni) eða liðskipt ökutæki (dráttarbifreið með festivagni), ætlað til vöruflutninga;

— „vöruflutningabifreið“: óliðskipt ökutæki sem ætlað er eingöngu eða aðallega til vöruflutninga;

— „dráttarbifreið“: vélknúð ökutæki til flutninga á vegum sem ætlað er eingöngu eða aðallega til að draga önnur ökutæki sem ekki eru vélknúin (einkum festivagna);

— „eftirvagn“: ökutæki til vöruflutninga á vegum sem hannað er til að vera dregið af vélknúnu ökutæki til flutninga á vegum;

— „festivagn“: ökutæki til vöruflutninga á vegum, án framáss, sem er hannað þannig að hluti ökutækisins og verulegur hluti hleðsluþungans hvílir á dráttarbifreiðinni;

— „liðskipt ökutæki“: dráttarbifreið með viðtengdum festivagni;

— „vagnalest“: vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum með viðtengdum eftirvagni.

Til þessa flokks heyra einnig liðskipt ökutæki með viðbótareftirvagn;

— „skráð“: skráning í skrá opinbers aðila í aðildarríki yfir vélknúin ökutæki til flutninga á vegum, hvort sem slík skráning felur í sér útgáfu skráningarmerkis eða ekki.

Ef um er að ræða flutninga með samsettum, vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum, þ.e.a.s. vagnalest (vöruflutningabifreið með eftirvagni) eða liðskiptu ökutæki (dráttarbifreið með festivagni) þar sem vélknúna ökutækið til vöruflutninga á vegum (vöruflutninga- eða dráttarbifreið) og eftirvagninn eða festivagninn eru skráð hvort í sínu landi skal ökutækið í heild teljast skráð í því landi þar sem vélknúna ökutækið til vöruflutninga á vegum er skráð;

— „hleðslugeta“: hámarksþyngd vara sem heimiluð er af þar til bæru yfirvaldi í skráningarlandi ökutækisins;

Ef vélknúna ökutækið til vöruflutninga á vegum myndar lest sem samanstendur af vöruflutningabifreið með eftirvagni er hleðslugeta lestarinnar samanlögð hleðslugeta vöruflutningabifreiðarinnar og eftirvagnsins;

— „leyfilegur heildarþungi“: heildarþyngd ökutækisins (eða samsettra ökutækja) þegar það er kyrrstætt og ferðbúið og farmsins sem heimilaður er af þar til bæru yfirvaldi í skráningarlandi ökutækisins;

— „Hagstofa Evrópubandalaganna“: sú deild innan framkvæmdastjórnarinnar sem framkvæmdastjórnin hefur falið að annast hagskýrslugerð bandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

3. gr.

### Gagnasöfnun

1. Aðildarríkin skulu taka saman hagskýrslugögn er varða eftirfarandi svið:

- a) gögn um ökutæki,
- b) gögn um ferð,
- c) gögn um vöru.

2. Í viðaukunum er kveðið á um tölfræðilegar breytur á hverju sviði fyrir sig, skilgreiningu þeirra og flokkunarstigin sem notuð eru við sundurliðun þeirra.

3. Þegar ákveðið er hvaða aðferð skuli notuð við samantekt hagskýrslugagna skulu aðildarríkin forðast hvers konar formsatriði á landamærum aðildarríkjanna.

4. Aðlögun á eiginleikum gagnasöfnunarinnar og innihald viðaukanna skal samþykkt í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr.

4. gr.

### Nákvæmni niðurstaðna

Þróa skal aðferðir við söfnun og vinnslu gagna til að tryggja að niðurstöður hagskýrslna frá aðildarríkjunum uppfylli lágmarkskröfur um nákvæmni, að teknu tilliti til þess hvernig flutningar á vegum eru byggðir upp í aðildarríkjunum. Staðlar þessir skulu settir í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr.

5. gr.

### Sending niðurstaðna til Hagstofu Evrópubandalaganna

1. Aðildarríkin skulu senda Hagstofu Evrópubandalaganna ársfjórðungslega sannpröfuð gögn sem svara til breytanna sem um getur í 3. gr. og eru skráð í viðauka A án þess að tilgreina nafn, heimilisfang eða skráningarnúmer.

Slíkar sendingar skulu, þar sem við á, innihalda gögn frá næstliðnum ársfjórðungum sem send hafa verið bráðabirgðagögn yfir.

2. Mæla skal fyrir um fyrirkomulagið við sendingu gagna, sem um getur í 1. gr., þ.m.t. taflna sem byggjast á þessum gögnum, ef einhverjar eru, í samræmi við málsmeðferðina sem tilgreind er í 10. gr.

3. Senda ber gögnin innan fimm mánaða frá lokum hvers ársfjórðungslegs skráningartímabils.

Fyrsta sending skal ná yfir fyrsta ársfjórðung 1999.

4. Á aðlögunartímabili frá 1. janúar 1999 til þess dags, sem mælt verður fyrir um í samræmi við 5. mgr., mega aðildarríkin nota einfaldaða kóðun fyrir breytur sem skráðar eru í 3., 4., 8. og 9. þætti í A-hluta 2 í viðauka A og í 5. og 6. þætti í A-hluta 3 í sama viðauka.

Einfölduð kóðun af þessu tagi skal fela í sér:

— í flutningum innanlands: kóðun í samræmi við viðauka G,

— í millilandaflutningum: kóða fyrir hvert land.

5. Lok aðlögunartímabilsins, sem kveðið er á um í 4. mgr., skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr. um leið og tæknileg skilyrði eru fyrir hendi til að nota megi skilvirkt kerfi svæðisbundinna kóða í bæði innanlands- og millilandaflutningum í samræmi við 1. og 2. þátt viðauka G.

6. gr.

### Dreifing niðurstaðna

Ákvæði um dreifingu niðurstaðna hagskýrslna um vöruflutninga á vegum, þ.m.t. uppbyggingu og innihald niðurstaðnanna sem dreifa á, skulu sett í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr.

7. gr.

### Skýrslur

1. Aðildarríkin skulu afhenda Hagstofu Evrópubandalaganna skýrslu um aðferðir sem beitt er við samantekt gagna á eða eigi síðar en á þeim degi sem fyrstu ársfjórðungslegu upplýsingarnar eru afhentar.

Aðildarríkjunum ber og að upplýsa Hagstofu Evrópubandalaganna um verulegar breytingar sem verða á aðferðum við gagnasöfnun.

2. Aðildarríkin skulu láta Hagstofu Evrópubandalaganna árlega í té upplýsingar um stærð úrtaks, brottfallshlutfall og, með vísun til staðlaðra skekkju- eða öryggisbila, um áreiðanleika helstu niðurstaðna.

3. Þegar gögnum hefur verið safnað í þrjú ár skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þá reynslu sem hefur verið aflað í því starfi sem unnið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

**Fjárhagsstuðningur**

1. Bandalaginu ber að veita aðildarríkjunum stuðning í formi fjárhagsaðstoðar fyrstu þrjú árin sem hagskýrslur, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru gerðar til að mæta kostnaði við þetta verkefni.

2. Ákveða ber árleg fjárframlög vegna þessarar ráðstöfunar sem lið í árlegri fjárlagagerð.

3. Yfirvöld, sem fara með fjárlagagerð, skulu ákveða fjárveitingu fyrir hvert ár.

4. Í skýrslunni, sem kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr., skal framkvæmdastjórnin tíunda notkun fjármuna bandalagsins sem úthlutað hefur verið til þessarar ráðstöfunar.

Á grundvelli skýrslunnar, sem kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr., skal framkvæmdastjórnin meta hvort þörf er á frekari fjárhagsstuðningi á þriggja ára viðbótartímabili.

9. gr.

**Reglur um framkvæmd**

Reglur um framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. ráðstafanir til aðlögunar hennar að efnahags- og tækniframförum, skulu, að því marki að það feli ekki í sér óhóflega aukningu á kostnaði fyrir aðildarríkin og/eða fyrir höfn svarenda, settar í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr. Slíkar reglur skulu einkum varða:

- aðlögun á eiginleikum gagnasöfnunarinnar og innihaldi viðaukanna,
- kröfur um nákvæmni,
- fyrirkomulag við sendingu gagna til Hagstofu Evrópu-bandalaganna, þ.m.t. taflna sem byggjast á þessum gögnum, ef einhverjar eru,
- dreifingu niðurstaðna hagskýrslanna,
- ákvörðun lokadags aðlögunartímabilsins, sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr., til að senda breyturnar sem taldar eru upp í 4. mgr. 5. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 1998.

10. gr.

**Málsmeðferð**

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar, hér á eftir kölluð „nefndin“.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanir þessar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna það ráðinu þegar í stað. Í því tilviki:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um þrjá mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar,
- ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í fyrstu undirgrein.

11. gr.

**Tilskipun 78/546/EBE**

1. Aðildarríkin skulu láta í té niðurstöður fyrir árin 1997 og 1998 í samræmi við tilskipun 78/546/EBE.
2. Tilskipun 78/546/EBE er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 1999.

12. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. CUNNINGHAM

*forseti.*

*VIÐAUKAR*

Viðauki A	SKRÁ YFIR BREYTUR
Viðauki B	FLOKKUN EFTIR SAMSKIPAN ÁSA
Viðauki C	FLOKKUN EFTIR TEGUNDUM FERÐA
Viðauki D	VÖRUFLOKKUN
Viðauki E	FLOKKUN EFTIR FLOKKUM HÆTTULEGS VARNINGS
Viðauki F	FLOKKUN EFTIR TEGUND FARMS
Viðauki G	KÓÐUN FERMINGAR- OG AFFERMINGARSTAÐA

## VIÐAUKIA

## SKRÁ YFIR BREYTUR

Upplýsingar sem ber að veita fyrir hvert ökutæki eru sundurliðaðar í:

- A1. gögn um ökutæki,
- A2. gögn um ferð,
- A3. gögn um vöru (í grunnflutningum).

## A1 BREYTUR TENGDAR ÖKUTÆKI

Samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. reglugerðarinnar er vélknúíð ökutæki til vöruflutninga á vegum sérhvert stakt vélknúíð ökutæki til flutninga á vegum (vöruflutningabifreið) eða samtengd ökutæki, svo sem vagnalest (vöruflutningabifreið með eftirvagni) eða liðskipt ökutæki (dráttarbifreið með festivagni), ætlað til vöruflutninga.

Gögn um ökutæki, sem ber að veita, eru eftirfarandi:

- 1. möguleiki á notkun ökutækja til samsettra flutninga (valfrjálst);
- 2. samskipan ása samkvæmt viðauka B (valfrjálst);
- 3. aldur vélknúins ökutækis til flutninga á vegum (vöruflutningabifreiðar eða dráttarbifreiðar) í árum (frá fyrstu skráningu);
- 4. leyfilegur heildarþungi, í hundruðum kg.;
- 5. hleðslugeta, í hundruðum kg.;
- 6. flokkun á starfsemi ökumanns samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk. (fjögurra stafa tala) (valfrjálst) <sup>(1)</sup>;
- 7. tegund flutninga (gegn gjaldi/fyrir eigin reikning);
- 8. samanlagður fjöldi ekinna kílómetra á eftirlitstímabilinu;
  - 8.1. með hleðslu;
  - 8.2. tómt (þ.m.t. ferðir dráttarbifreiðar án festivagns) (valfrjálst);
- 9. mat á ökutækinu, notað til að fá heildstæðar niðurstöður á grundvelli grunnagna ef gögnum er safnað með slembiúrtaki.

**Breyting á samskipan ása**

Ef vélknúna ökutækið til flutninga á vegum, sem eftirlit er haft með, er vöruflutningabifreið sem notuð er ein og sér, þ.e. án eftirvagns, á eftirlitstímabilinu telst hún ein og sér vera ökutæki til vöruflutninga á vegum.

Ef vélknúna ökutækið til flutninga á vegum, sem eftirlit er haft með, er hins vegar dráttarbifreið með viðtengdan festivagn eða vöruflutningabifreið með viðtengdan eftirvagn skulu gögnin, sem krafist er samkvæmt reglugerðinni, eiga við um viðkomandi ökutæki til vöruflutninga á vegum í heild. Í því tilviki kann að verða breyting á samskipan ása meðan á eftirlitstímabili stendur (ef eftirvagn er tengdur við vöruflutningabifreið eða skipt er um eftirvagn á tímabilinu eða ef skipt er um festivagn á dráttarbifreið). Þá verður að skrá þessar breytingar á samskipan ása og láta í té gögn um ökutækið fyrir hverja ferð fyrir sig. Sé hins vegar ekki hægt að skrá þessar breytingar á samskipan ása er samþykkt, að því er varðar breytur tengdar ökutæki, að skráðar verði þær breytur sem samsvara samskipaninni við upphaf fyrstu ferðar með farn á eftirlitstímabilinu eða samskipaninni sem mest er notuð á því tímabili.

**Breyting á tegund flutninga**

Á sama hátt, háð ferðinni, mega flutningar vera fyrir eigin reikning eða gegn gjaldi og skrá verður tegund flutninga fyrir hverja ferð. Sé hins vegar ekki hægt að skrá þessar breytingar er samþykkt að sú „tegund flutninga“, sem skráð er, sé tegundin sem mest er notuð.

<sup>(1)</sup> Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna

## A2 BREYTUR TENGDAR FERÐ

Á eftirlitstímabilinu fer vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum ferðir, annaðhvort án farms (engar vörur eða tómar umbúðir eru í vöruflutningabifreiðinni, eftirvagninum eða festivagninum, sem teljast því „alveg tómir“) eða með farm (í vöruflutningabifreiðinni, eftirvagninum eða festivagninum eru annaðhvort vörur eða tómar umbúðir, en tómar umbúðir teljast til tiltekinnar tegundar vara). Fjarlægð, sem vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum ekur með farm, er fjarlægðin milli fyrsta fermingarstaðar og síðasta affermingarstaðar (þar sem það er alveg tæmt). Ferð með farm getur því náð yfir ýmiss konar grunnflutninga.

Eftirfarandi gögn ber að láta í té um hverja ferð:

1. tegund ferðar, samkvæmt flokkunarkerfinu í viðauka C;
2. þyngd vara sem fluttar eru í ferðinni eða í hverjum áfanga ferðarinnar, brúttóþyngd í hundruðum kg;
3. fermingarstaður (vélknúns ökutækis til vöruflutninga á vegum, í ferð með farm);
  - *skilgreining*: fermingarstaður er fyrsti staðurinn þar sem vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum, sem áður var alveg tóm, er fermt (eða þar sem dráttarþyngd er tengd hlöðnum festivagni). Ef um er að ræða ferð án farms er það affermingarstaður fyrir næstu ferð með farm á undan (hugtakið „staður þar sem ferð án farms hefst“),
  - *kóðun*: fermingarstaður er kóðaður í samræmi við ákvæði viðauka G;
4. affermingarstaður (vélknúns ökutækis til vöruflutninga á vegum, í ferð með farm);
  - *skilgreining*: affermingarstaður er síðasti staður þar sem vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum er affermt vörum, þannig að það sé alveg tóm (eða þar sem dráttarþyngd er aftengd festivagni). Þegar um er að ræða ferð án farms er það næsti fermingarstaður fyrir ferð með farm þar á eftir (hugtakið „staður þar sem ferð án farms lýkur“),
  - *kóðun*: affermingarstaður er kóðaður í samræmi við ákvæði viðauka G;
5. ekin vegalengd: raunverulega ekin vegalengd, að undanskilinni þeirri vegalengd sem vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum kann að vera flutt með öðru farartæki;
6. fjöldi tonna/kílómetra í ferðinni;
7. lönd sem farið er í gegnum (eigi fleiri en fimm), kóðuð samkvæmt geo-flokkunarkerfinu <sup>(1)</sup>;
8. fermingarstaður vélknúns ökutækis til flutninga á vegum á annað farartæki, ef við á, samkvæmt ákvæðum viðauka G (valfrjálst);
9. affermingarstaður vélknúns ökutækis til flutninga á vegum af öðru farartæki, ef við á, samkvæmt ákvæðum viðauka G (valfrjálst);
10. auðkennið „fullfermt“ (möguleiki nr. 2) eða „ekki fullfermt“ (möguleiki nr. 1), fyrir vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum í umræddri ferð, sett fram sem hámarksrými sem notað er í ferðinni (möguleiki nr. 0 = samkvæmt samningi um ferðir án farms) (valfrjálst).

## A3 BREYTUR TENGDAR VÖRU (í grunnflutningum)

Ferð með farm getur falið í sér ólíka grunnflutninga en grunnflutningur er skilgreindur sem flutningur einnar tegundar vöru (skilgreindrar með skirskotun til tiltekins flokkunarkerfisstígs) milli fermingarstaðar hennar og affermingarstaðar.

Gögn, sem ber að láta í té um grunnflutninga í ferð með farm, eru eftirfarandi:

1. tegund vöru, samkvæmt flokkum sem vísa til tiltekinnar flokkunar (sjá viðauka D);
2. þyngd vara: brúttóþyngd í hundruðum kg;
3. ef nauðsyn ber til, flokkun varanna sem hættulegar samkvæmt helstu flokkum tilskipunar 94/55/EB <sup>(2)</sup> sem fram kemur í viðauka E;

<sup>(1)</sup> Landaflokkunarkerfi fyrir hagskýrslur bandalagsins um utanríkisverslun,

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farni á vegum (Stjtið. EB L 319, 12. 12. 1994, bls. 7). Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/86/EB (Stjtið. EB L 335, 24.12.1996, bls. 43). Síðustu breytingar á viðaukunum, sjá Stjtið. EB L 251, 15.9.1997, bls. 1.

4. tegund farms eins og fram kemur í viðauka F (valfrjálst);
5. fermingarstaður varanna, kóðaður í samræmi við ákvæði viðauka G;
6. affermingarstaður varanna, kóðaður í samræmi við ákvæði viðauka G;
7. ekin vegalengd: raunverulega ekin vegalengd, að undanskilinni þeirri vegalengd sem vélknúð ökutæki til vöruflutninga á vegum kann að vera flutt með öðru farartæki;

FLUTNINGASTARFSEMI Í FERÐ SEM TELST TIL „SÖFNUNAR- EÐA DREIFINGARFERÐAR“ (ferðategund nr. 3)

Í þessari tegund ferða, þar sem fermingar- og affermingarstaðir eru fleiri en einn, er næstum ómögulegt að fara fram á að flutningsaðilinn lýsi grunnflutningum.

Í ferðum, sem þannig eru skráðar, er yfirleitt gefin upp ein tegund grunnflutninga út frá upplýsingum um ferðina.

Sérhvert aðildarríki mun tilkynna framkvæmdastjórninni um skilgreiningu sína á slíkri tegund ferða og skýra þær einfölduðu forsendur sem henni er skylt að beita við söfnun gagna um samsvarandi flutninga.

#### *Viðbætur um aðferðafræði*

#### **Ferðir með farm og grunnflutningar**

Hvert aðildarríki fyrir sig hefur sína aðferð við söfnun upplýsinga um flutninga:

- annað hvort lýsir það hverri tegund grunnvöruflutninga fyrir sig (ásamt viðbótarupplýsingum um ferðir án farms),
- eða það lýsir ferðum ökutækisins við þessa grunnvöruflutninga.

Í flestum tilvikum er aðeins um að ræða eina tegund grunnflutninga með farm í ferð þar sem:

- einungis er fermt með einni tegund vöru (með tilvísun til gildandi vöruflokkunar, í þessu tilviki hinna 24 flokka sem afleiddir eru af vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur)<sup>(1)</sup>,
- einungis er einn fermingarstaður fyrir vöruna,
- einungis er einn affermingarstaður fyrir vöruna.

Aðferðirnar tvær, sem notaðar eru, eru alveg jafngildar og upplýsingarnar, sem safnað er með hvorri aðferð fyrir sig, lýsa bæði:

- flutningi varanna (öllum grunnvöruflutningum),
- ferðum ökutækjanna sem annast þessa flutninga, ásamt upplýsingum um umfang ökutækis og notkun þess (ferð með farm með notkunarstuðli; ferð án farms).

Samkvæmt þessari reglugerð ber að lýsa bæði vöruflutningum og ferðum ökutækjanna en óæskilegt er að auka verulega fyrirhöfn flutningsaðila í tengslum við hagskýrslugerð með því að fara fram á að þeir lýsi vöruflutningum og ferðum ökutækjanna í smáatriðum.

Hagstofur aðildarríkjanna verða því, við kóðun spurningalista sinna, að endurgera gögn, sem ekki er beint krafist af flutningsaðilum, á grundvelli gagna sem þær safna annað hvort um „grunnflutninga“ eða „ferð ökutækis“.

Vandinn skapast þegar nokkrar tegundir grunnflutninga fara fram í einni ferð með farm sem getur verið vegna þess að:

- Fermingar- og affermingarstaðir vöru eru fleiri en einn (þó takmarkaður fjöldi því annars væri um að ræða söfnunar- eða dreifingarferðir sem farið er með á sérstakan hátt).

Í þessu tilviki eru hinir ýmsu fermingar- og affermingarstaðir skráðir til að unnt sé að reikna beint út tonninn/km fyrir ferðina og hagstofan geti þannig endursmíðað gögn um grunnvöruflutningana.

- Nokkrar mismunandi tegundir vara eru fluttar í ferð með farm, en það kemur yfirleitt ekki fram í hagskýrslum, þar sem aðeins er farið fram á upplýsingar um tegund vöru (einu vörunnar eða helstu vörunnar).  
Í slíkum tilvikum er viðurkennt að upplýsingar tapist og aðildarríki, sem nýta sér slíka einföldun, tilkynna framkvæmdastjórninni það sérstaklega.

<sup>(1)</sup> NST: Vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur (NST/R).



## VIÐAUKI B

## FLOKKUN EFTIR SAMSKIPAN ÁSA

Þar sem notuð eru samsett ökutæki segir samskipan ása til um heildarfjölda ása, þ.e. ása vöruflutningabifreiðar eða dráttarbifreiðar, auk ása eftirvagns eða festivagns.

Ásaflokkarnir, sem um er að ræða, eru sem hér segir:

	Kóðun
1. Ásafjöldi stakra ökutækja (vöruflutningabifreiða):	
2	120
3	130
4	140
annað	199
2. Ásafjöldi samsettra ökutækja: vöruflutningabifreið með eftirvagni	
2+1	221
2+2	222
2+3	223
3+2	232
3+3	233
annað	299
3. Ásafjöldi samsettra ökutækja: dráttarbifreið með festivagni	
2+1	321
2+2	322
2+3	323
3+2	332
3+3	333
annað	399
4. Eingöngu dráttarbifreið	499

## VIÐAUKI C

## FLOKKUN EFTIR TEGUNDUM FERÐA

1. Ferð með farm sem felur í sér eina tegund grunnflutninga
2. Ferð með farm, sem felur í sér nokkrar tegundir flutninga en telst ekki vera söfnunar- eða dreifingarferð.
3. Ferð með farm sem telst vera söfnunar- eða dreifingarferð.
4. Ferðir án farms.

## VIÐAUKIÐ

## VÖRUFLOKKUN

Vöruflokkun skal vera samkvæmt vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur (NST/R) uns framkvæmdastjórnin ákveður að taka upp annað kerfi í þess stað að höfðu samráði við aðildarríkin.

## VÖRUFLOKKAR

Vöruflokkur	Kafli í NST/R <sup>(1)</sup>	Flokkar í NST/R <sup>(1)</sup>	Lýsing
1	0	01	Korn
2		02, 03	Kartöflur, annað grænmeti, ferskt eða frosið, ferskir ávextir
3		00, 06	Lífandi dýr, sykkurófur
4		05	Viður og korkur
5		04, 09	Textílvörur og úrgangur, önnur hráefni úr dýra- og jurtaríki
6	1	11, 12, 13, 14, 15, 16, 17	Matvæli og dýrafóður
7		18	Olíuauðug fræ og ávextir, fituefni
8	2	21, 22, 23	Eldsneyti úr jarðefnum í föstu formi
9	3	31	Hráolía
10		32, 33, 34	Jarðolíuafurðir
11	4	41, 46	Járngryti, járn- og stálúrgangur og salli frá málmbræðsluofnum
12		45	Járnlausar steintegundir ásamt úrgangi
13	5	51, 52, 53, 54, 55, 56	Málmafurðir
14	6	64, 69	Sement, kalk, unnar byggingarvörur
15		61, 62, 63, 65	Hrá og unnin jarðefni
16	7	71, 72	Náttúrulegur og unninn áburður
17	8	83	Íðefni úr kolum, tjara
18		81, 82, 89	Íðefni, að undanskildum íðefnum úr kolum og tjöru
19		84	Pappírsmassi og úrgangspappír
20	9	91, 92, 93	Öku- og flutningatæki, vélar, tæki og hreyflar, samsett eða ósamsett og hlutar þeirra
21		94	Framleiðsla úr málm
22		95	Gler, glervörur, leirvörur
23		96, 97	Leður, textílvörur, fatnaður, ýmsar unnar vörur
24		99	Ýmsar vörur

<sup>(1)</sup> Gefið út af Hagstofu Evrópubandalaganna (útgáfa frá 1968).

## VIÐAUKI E

## FLOKKUN EFTIR FLOKKUM HÆTTULEGS VARNINGS (\*)

- 1 Sprengifim efni
- 2 Gastegundir, samanþjappaðar, fljótandi eða uppleystar undir þrýstingi
- 3 Eldfimir vökvar
- 4.1 Eldfim föst efni
- 4.2 Efni sem hætt er við sjálfikveikju
- 4.3 Efni sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir ef það kemst í snertingu við vatn
- 5.1 Oxandi efni
- 5.2 Lífræn peroxíð
- 6.1 Eiturefni
- 6.2 Smitandi efni
- 7 Geislavirk efni
- 8 Ætandi efni
- 9 Ýmis hættuleg efni

(\*) Sérhver flokkur er annað hvort flokkur eða undirflokkur flokkunar eftir tegundum hættulegs varnings eins og skilgreint er undir spássiunúmeri 2002 í I. hluta viðauka A í tilskipun 94/55/EB <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Viðaukar A og B við tilskipun 94/55/EB. Síðustu breytingar á þessum viðaukum eru birtar í Stjtið. EB L 251, 15.9.1997, bls. 1.

---

*VIÐAUKI F***FLOKKUN EFTIR TEGUNDUM FARMS (\*)**

- 0 Vara í fljótandi formi í búlkum (engar farmeiningar)
- 1 Fastur búlkafarmur (engar farmeiningar)
- 2 Stórir flutningagámar
- 3 Aðrir flutningagámar
- 4 Vörur á vörubrettum
- 5 Vörur bundnar í stroffu
- 6 Hreyfanlegar einingar, knúnar eigin vélarafli
- 7 Aðrar hreyfanlegar einingar
- 8 (Frátekið)
- 9 Annars konar farmur

(\*) Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu – kóðar fyrir tegundir farms, pakka og umbúða, 21. tilmæli sem samþykkt voru af vinnuhópi um einföldun málsmeðferðar í alþjóðaviðskiptum, Genf, mars 1986.

---

*VIÐAUKI G***KÓÐUN FERMINGAR- OG AFFERINGARSTADA**

- 1. 3. stig hagskýrslusvæðaflokkunarinnar (NUTS) fyrir aðildarríki Evrópubandalagsins.
  - 2. Skrá yfir stjórnsýslusvæði sem þriðja ríki, sem hlut á að máli, lætur í té ríkjum sem eru ekki aðilar að Evrópubandalaginu en eru aðilar að EES-samningnum, þ.e. Íslandi, Liechtenstein og Noregi.
  - 3. Landaflokkunarkerfi fyrir hagskýrslugerð bandalagsins um utanríkisverslun fyrir önnur þriðju lönd.
-